

KÖNNUN Á VIÐHORFUM STÚDENTA

VIÐHORF STÚDENTA SEM
ÚTSKRIFUÐUST 2014-2016



TILGANGUR OG MARKMIÐ:


- Hvert er mat stúdenta á almennum undirbúningi þeirra til háskólanáms?
- Hvert er mat þeirra á þáttum líkt og spannakerfi, verkefnatímum, fjarvistareglum?
- Hvað segja þeir um líðan sína í skólanum, félagslíf og samskipti við kennara, starfsfólk og aðra nemendur?
- Voru stúdentar ákveðnir hvert stefna skyldi að loknu menntaskólanámi?
- Hafa stúdentar hafið háskólanám? Í hvaða greinum?

AÐFERÐAFRÆÐI: (RÁÐGJÖF FRÁ SÉRFRÆÐINGUM Á MENNTAVÍSINDASVIÐI HÍ, BRÉFASKRIFTIR OG SÍMAFUNDIR)

- Meginleg könnun: 142 stúdentar svöruðu spurningalista. Svarhlutfall var rétt undir 80%. Rafræn könnun var send út í nóvember 2018.
- Eigindleg könnun: 10 nemendur valdir eftir kyni, búsetu og braut. Leitast við að þeir endurspegluðu þýðið. Viðtöl stóðu yfir frá desember 2018 til ágústmánaðar 2019.

KYN


- Fjöldi stúdenta árin þrjú sem könnunin tók til var 183. Alls bárust 142 svör sem er 78% svarhlutfall. Konur voru duglegri að svara könnuninni.



NÁMSBRAUTIR

- 82 stúdentar útskrifuðust af félagsgreinabraut eða um 58%, 44 eða 31% af náttúrufræðibraut. Af málabraut 8 eða 5.6% og af listabraut 6 eða 4,2%.


Af hvaða braut útskrifaðist þú?





NÁMSTÍMI

- Um 10% stúdenta lauk námi sínu á þremur árum, tæplega 20% á þremur og hálfu. 45% eða 64 luku námi á fjórum árum, 25% stúdenta eða 36 talsins luku námi á fjórum og hálfu eða lengri tíma.

Ég lauk menntaskólanáminu á...




KYN: BRAUTIR OG NÁMSTÍMI



BÚSETA Á NÁMSTÍMA


- Rúmlega helmingur svarenda bjó á heimili foreldra sinna, en um 30% á heimavist. Um 10% bjuggu í leiguhúsnæði. Það kom einnig fram í athugasemdum að nokkuð margir höfðu búið á vist framan af, en síðan í leiguhúsnæði.

Hver var búseta þín á menntaskólaárunum?




BRAUTIR: BÚSETA OG HÁSKÓLANÁM

Hver var búseta þín á menntaskólaárunum?




Ertu í námi núna?



HLUTFALL STÚDENTA Í FRAMHALDSNÁMI


- Tæplega 72% eða 102 stúdentar höfðu hafið framhaldsnám þegar könnunin var gerð.



AUÐVELT MEÐ NÁM

- Tæplega 86% svarenda eða 122 töldu sig hafa átt auðvelt með nám, en rúmlega 14% eða 20 stúdentar ekki.


Telur þú þig hafa átt auðvelt með nám í ME



UPPLIFUN STÚDENTA AF NÁMINU VIÐ ME.

- Rúmlega 94% stúdenta segja upplifun sína sem nemenda mjög jákvæða eða jákvæða.


Hver var upplifun þín af því að vera nemandi við ME



MYNDIR ÞÚ GETA MÆLT MEÐ ME?

- Yfir 90% stúdentanna telja sig geta mælt með ME.


Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með ME við einhvern sem er á leið í framhaldsskóla?



UM VERKEFNATÍMA, SAMSKIPTI, KENNSLU OG MÆTINGU

- Stúdentar telja sig hafa nýtt verkefnatíma fremur vel og leitað aðstoðar kennara. Yfirgnæfandi meirihluti telur sig hafa átt í góðum samskiptum við starfsfólk skólans og finnst kennslan almennt hafa verið góð.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?




ÚR VIÐTÖLUM: UM VERKEFNATÍMA, SAMSKIPTI OG KENNSLU

- „já mér fannst verkefnatíma fyrirkomulagið mjög þægilegt og það minnkaði frekar mikið álagið utan skóla og ég var mjög hrifin af því“
- “með þessum verkefnatímum þá lærði ég að skipuleggja mig betur, aðeins byrjaði að halda dagbók og hvar væri deadline fyrst þá fór ég að vinna í því.“
- „þessi nánd sem er á milli starfsfólks og nemenda fannst mér ótrúleg, útaf því ég fann það þegar ég fór síðan í háskóla, þó að kennararnir mínir þar séu næs og allt það þá er mikið meiri fjarlægð þar. ME er svo sveitó, það þekkja allir alla og Kristjana er þarna og gerir allt fyrir mann“

AFSTAÐA TIL FULLYRÐINGA UM ALMENNAN UNDIRBÚNING, FÉLAGSLÍF OG LÍÐAN

- Stúdentar telja veru sína í ME hafa gefið sér gott veganesti. Þeir tóku ríkan þátt í félagslífi og leið almennt vel í skólanum.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?




ÚR VIÐTÖLUM: FÉLAGSLÍF OG SKÓLABRAGUR

- „ég held að sko ef þú ætlar að hafa gott nemendráð þá þarftu að hafa það mjög fjölbreytt, fjölbreyttan hóp“
- „æði“
- „ég er ánægð að sjá núna að það eru komin meiri svona félög sem voru ekki þegar ég var. Það er komið hinseginfélag og hérna feminstafélag og meira svona... ég hefði alveg verið til í að vera í feministafélaginu til dæmis eða eitthvað svoleiðis“

REYNSLA AF SPANNAKERFI


- Tæplega 94% eða 132 stúdentar segja reynslu sína af spannaakerfi jákvæða eða mjög jákvæða.

Hver var reynsla þín af spannaakerfinu (að kennt væri í 8 vikna spönnum en ekki 16 vikna önnum)?




SPANNAKERFI, KYN OG BRAUTIR

Hver var reynsla þín af spannakerfinu (að kennt væri í 8 vikna spönnum en ekki 16 vikna önnum)?



Hver var reynsla þín af spannakerfinu (að kennt væri í 8 vikna spönnum en ekki 16 vikna önnum)?




ÚR VIÐTÖLUM: UM SPANNAKERFI

- „fílaði þetta spannakerfi alveg í döðlur sko“.
- „finnst gott að keyra á áfangana og vera ekkert að draga það. Mér fannst það, ég ætlaði mér mikið og ég hérna, það er soldið eins og ég vinn í dag líka sko með það sem ég er að gera núna“
- „þetta var mjög erfitt með erfiða áfanga, fannst þetta erfitt í stærðfræðinni og efnafræðinni að reyna troða þessu öllu á svona stuttum tíma, mér fannst þetta auðveldara með tungumálin eins og íslensku og ensku en ég hefði viljað fá heila önn í að læra til dæmis stærðfræðiáfanga og þannig“.

HUGMYNDIR UM NÁM AÐ LOKNU STÚDENTSPRÓFI


- Helmingur stúdenta hafði nokkuð eða mjög góðar hugmyndir um hvert stefnt yrði að loknu námi. Hinn helmingurinn litlar eða engar.

Á meðan þú varst í námi við ME,
hafðir þú góða hugmynd um
hvert þú stefndir að námi loknu?




BRAUTIR OG KYN: HUGMYNDIR UM FRAMHALDSNÁM

Á meðan þú varst í námi við ME, hafðir þú góða hugmynd um hvert þú stefndir að námi loknu?




Á meðan þú varst í námi við ME, hafðir þú góða hugmynd um hvert þú stefndir að námi loknu?



UM VAL Á NÁMI Í ME MEÐ TILLITI TIL FRAMHALDSNÁMS


- Tæplega 40% stúdenta völdu sér nám í ME með ákveðið framhaldsnám í huga.

Valdir þú námsbraut í ME með ákveðið framhaldsnám í huga?




VAL Á NÁMSBRAUT / BRAUTIR OG KYN

Valdir þú námsbraut í ME með ákveðið framhaldsnám í huga?



Valdir þú námsbraut í ME með ákveðið framhaldsnám í huga?




ÚR VIÐTÖLUM: HVERSU VEL VORU NEMENDUR FÓKUSAÐIR

- „nei eiginlega ekki sko. Ég hafði alltaf eða ég vissi að það yrði einhverstaðar á þessu sviði klárlega ég hef alltaf verið svona já.... einhverstaðar í svona samfélags pólitík“
- "ekki neitt ég var alveg lost sko... Ég var alltaf lost“
- „ég held ég hafi byrjað á náttúrufræði, skipt svo yfir á félagsfræði og farið síðan aftur yfir á náttúrufræði“
- „ég skipti svona tíu sinnum um skoðun á meðan að ég var í skólanum og ég var einmitt sko.. skipti á síðustu önninni á heilbrigðislínu því ég ætlaði að verða ljósmóðir en svo hætti ég við það og útskrifaðst svo bara af held ég félagsfræðifræðibraut“
- „byrjaði á náttúrufræðibraut og tók fyrstu tvo áfangana þar í stærðfræði og svo breytti ég í félagsfræðibraut, ég var bara að gera eitthvað maður...mér fannst gaman í sálfræði þannig að ég ákvað að breyta yfir á félagsfræðibraut þá“

UM NEMENDAÞJÓNUSTU OG NÁMSRÁÐGJÖF

- Um helmingur stúdenta nýtti sér nemendaþjónustuna en helmingur lítið eða ekki.


Nýttir þú þér nemendaþjónstuna (félagsráðgjafa, námsráðgjafa) á meðan á námi þínu í ME stóð?



UM SAMSETNINGU NÁMS Í ME MEÐ TILLITI TIL VALS Á FRAMHALDSNÁMI

- Rúmlega 67% telja að námsleiðin sem valin var í ME hafi undirbúið þau mjög vel eða nokkuð vel fyrir námið í framhaldinu, en tæplega 15% frekar illa eða mjög illa. Rúmlega 16% höfðu ekki hafið framhaldsnám þegar könnunin var gerð.

Telur þú að samsetning námsleiðarinnar í ME hafi undirbúið þig fyrir það nám sem þú valdir þér í framhaldinu?




ÚR VIÐTÖLUM: HVAR SKORTI UNDIRBÚNING?

- hefði viljað „aukna sviðslista áherslu“ Í ME
- „kannski hefði mátt vera meiri efnafræði í skyldu eins og öll lífræna efnafræðin, hún ætti í rauninni að vera skylda bara“
- „ég hefði verið til í að geta tekið meiri anatomiu og líffræði...þannig líffræði ekki náttúrufræði, það var ekki í boði þegar ég var í menntaskólanum“
- „já mér fannst ég ekki vita neitt svona almennilega (um ritgerðaskrif) allavegana þegar við vorum að fara skrifa og maður var svolítið kaldur í því“
- „rannsóknaráfanginn hjálpaði mér mjög mikið hérna, við gerðum eigindlega og meginndlega rannsókn og þegar ég fór í þessa rannsóknar áfanga í háskóla þá voru ekki allir sem vissu hvað eigindlegar og meginndlegar rannsóknir voru og ég var með þetta allt á hreinu“

VAL Á NÁMI AÐ LOKNU STÚDENTSPRÓFI


- Leiðir stúdenta liggja víða eftir útskrift, athyglisvert er hversu margir úr þessum árgöngum hófu nám í heilbrigðisvísindum.

Í hverskonar nám, ef eitthvert, fórstu að loknu stúdentsprófi?




NÁM AÐ LOKNU STÚDENTSPRÓFI EFTIR BRAUTUM OG KYNI

Í hverskonar nám, ef eitthvert, fyrstu að loknu stúdentsprófi?




Í hverskonar nám, ef eitthvert, fyrstu að loknu stúdentsprófi?



ER 90% SKÓLASÓKN SANNGJÖRN?

- Rúmlega 73% telja reglur um skólasókn sanngjarnar.


Finnst þér sanngjarnt að miða við 90% skólasókn?




HEFÐI SKÓLINN GETAÐ GERT EITTHVAÐ TIL AÐ BÆTA SKÓLASÓKN ÞÍNA?

- Yfir 90% stúdenta töldu að skólinn gæti ekkert gert til þess að bæta skólasókn, en rúmlega 8% töldu svo vera og bentu á ýmislegt sem taka má til athugunar.

Hefði skólinn getað gert eitthvað til að bæta skólasókn þína?




ÞÆTTIR SEM DRÓGU ÚR SKÓLASÓKN



FALL VEGNA SLAKRA MÆTINGA


- Rúmlega 75% stúdenta mættu vel, en 21% lentu í hremmingum vegna mætinga.

Manst þú til þess að hafa einhvern tíma fallið á mætingu í ME?




AFSTAÐA TIL FJARVISTAREGLNA, BRAUTIR OG KYN

Finnst þér sanngjarnt að miða við 90% skólasókn?




Finnst þér sanngjarnt að miða við 90% skólasókn?




FALL Á MÆTINGU, BRAUTIR OG KYN

Manst þú til þess að hafa einhvern tíma fallið á mætingu í ME?



Manst þú til þess að hafa einhvern tíma fallið á mætingu í ME?



GETUR ÞÚ GEFIÐ SKÓLANUM EINHVER RÁÐ?

- mjög svo góður skóli! Fannst dásamlegt hvað hann var lítill, hvað kennslan var persónuleg og góð og kennararnir þekktu mann með nafni (svona flestir). Fannst þetta vera einn stærsti plúsinn við skólann og má það ekki hætta!
- fylgjast með líðan nemenda og bjóðast til að hjálpa. Menntaskólaaldurinn er viðkvæmur.
- hafið tímana skemmtilegri svo að krakkarnir nenna mæta. Ekki endalausir "ég tala- þú hlustar" tímar.
- finnst spennakerfið frábært og mæli mjög mikið með því fyrir þá sem eru með athyglisbrest og geta ekki einbeitt sér af mörgum fögum í einu.

GETUR ÞÚ GEFIÐ SKÓLANUM EINHVER RÁÐ?

- mér finnst almennt mikil stéttaskipting í skólanum, og hefur verið í langan tíma. Það þarf einhvern veginn að útrýma þessu því þetta er mjög neikvætt og niðurlægjandi fyrir þá sem ekki "passa inn í kassann".
- mín reynsla af ME er frekar slæm, Mér leið virkilega illa að vera þarna, mætingin mín var léleg, mér leið eins og ég hafi verið draugur, enginn sá mig, enginn þekkti mig, kannski útaf því ég var svo lengi að útskrifast sem leiddi til þess að mér leið illa í þessum skóla. Mig langar að biðja ykkur um að sjá um þessi börn, sýna þeim áhuga, vera til staðar þegar þau þurfa þess.

GETUR ÞÚ GEFIÐ SKÓLANUM EINHVER RÁÐ?

- sleppa mætingaskyldu í verkefnatíma. Það gefur nemendum meira svigrúm til að velja hjá hverjum þeir sækja verkefnatíma og svigrúm til að velja við hvaða aðstæður þeir læra.
- upplifun mín í háskóla er að ég er almennt betur í stakk búinn fyrir það sem ég tek mér fyrir hendur en flestir aðrir, en það gæti frekar tengst því að ég er í tæknifræði en ekki verkfræði. En verkfræði er of auðveld hvort eð er.
- persónuleg nánd nemenda og kennara er einn af mestu kostum skólans. Hann ætti að halda í það og rækta enn frekar, úr því sprettur eitthvað fallegt.

GETUR ÞÚ GEFIÐ SKÓLANUM EINHVER RÁÐ?

- kennarar eru mikilvægasti þáttur í að vekja áhuga nemenda, kennarar sem virkilega tengja við nemendur eru sjaldgæfir en virði þyngdar sinnar í gulli
- mjög góður skóli þar sem ég upplifði ein bestu ár ævi minnar. Fannst námið gott og hæfilega mikið álag. Undirbjó mig vel fyrir háskóla
- mín mesta eftirsjá þegar komið er í háskólanám er einfaldlega bara sú að hafa ekki lagt meira á mig í menntaskóla. Maður fattar ekki fyrr en eftir á hvað er gríðarlega mikilvægt að leggja á sig og gera þetta eins vel og maður getur til að uppskera sem best í háskólanum. Helsta ráðið væri þá kannski bara að hamra á því við nemendur að leggja allan sinn metnað í námið, því það er 100% að ef þeir gera það ekki munu þeir lenda á vegg í háskóla